

## Samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Ár 2015, þriðjudaginn 1. september, var haldinn 346. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Hamraborg 9 og hófst kl. 09:05. Mættir: Eva Einarsdóttir formaður, Anný Berglind Thorstensen Kópavogi, Björg Fenger Garðabæ, Kolbrún G Þorsteinsdóttir Mosfellsbæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi og Helga Ingólfssdóttir varamaður fyrir Pétur Óskarsson Hafnarfirði. Jafnframt: Andrés B. Andreasen fjármálastjóri, Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf Hafnarfjarðarbæjar dags. 30. júní sl. þar sem fram kemur að Pétur Óskarsson hafi verið kosinn aðalmaður í samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og Helga Ingólfssdóttir til vara.
2. Lagt fram sex mánaða uppgjör. Fjármálastjóri ÍTR kynnti niðurstöðuna.
3. Framkvæmdastjóri segðir frá stöðunni í fjöllum og frá því helsta sem gert var í sumar. Til stendur að kaupa troðara í haust. Skemma hefur verið stækkuð. Æfingahringur fyrir göngu hefur verið lýstur upp. Breyting hefur verið gerð á Lilla Klifurmús og tenging við suðursvæði. Snjógirðingar settar upp í Bláfjöllum og Skálafelli. Efni hefur verið sett í bílaplan við Bláfjallaskála.
4. Lögð fram drög að fjárhagsáætlun 2016. Áætlunin samþykkt með fyrirvara um gjaldskrá.
5. Lögð fram drög að gjaldskrá.
6. Staða snjóframleiðslumála. Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH tekur sæti á fundinum og segir frá stöðunni ásamt Ómari Einarssyni sviðsstjóra ÍTR.
- Kl. 10:10 vikur Ómar Einarsson af fundi.
7. Lagt fram bréf skíðadeildar KR dags. 26. ágúst sl. vegna Skálafells.

### Fundi slitið kl. 10:30

Eva Einarsdóttir

Björg Fenger  
Magnús Örn Guðmundsson  
Helga Ingólfssdóttir

Kolbrún G Þorsteinsdóttir  
Anný Berglind Thorstensen